

Samstarfssamningur

Menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Lýðheilsustöð, Samband íslenskra framhaldsskóla og Hagsmunaráð íslenskra framhaldsskóla gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um verkefnið *Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum*

I. Inntak verkefnisins

Verkefnið er til þriggja ára og miðar að eftirfarandi:

- Að stuðla að bættri almennri líðan og heilsu nemenda.
- Að efla forvarnir gegn vímuefnum í framhaldsskólum.
- Að bæta og efla ráðgjöf við nemendur á sem flestum sviðum sem snerta velferð þeirra.
- Að hvetja nemendur til að taka ábyrgð á eigin heilsu og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.

II. Framlög

Framlag menntamálaráðuneytis:

- Leggur til starfsmann í þrjú ár til að vinna að verkefninu.
- Vinnur að því að efla starf forvarnarfulltrúa og náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum.
- Beitir sér fyrir samráði við skólameistara framhaldsskóla um forvarnaraðgerðir.

Framlag heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis:

- Vinnur að því að efla tengsl milli heilsugæslu og allra framhaldsskóla.

Framlag Lýðheilsustöðvar:

- Leggur til tvo starfsmenn (annan í 50% starfi) í þrjú ár til að vinna að verkefninu.
- Heldur námskeið fyrir nemendur, forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum og aðra sem að heilsuefningu og forvörnum koma.
- Leiðir vinnu faghóps samstarfsaðila.

Framlag nemendafélaga:

- Standa fyrir kynningum meðal framhaldsskólanema og vinna verkefni um heilsuefningu og forvarnir.

Menntamálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Lýðheilsustöð munu árlega leggja til fjármagn til aðgerða sem tengjast markmiðum verkefnisins.

III. Stjórn

Samstarfsaðilar skipa hver einn fulltrúa, og annan til vara, í stýrihóp. Stýrihópurinn er stefnumarkandi um verkefnið, samþykkir áætlanir um framkvæmd þess, sinnir eftirliti með framvindu verkefnisins, greiðir fyrir tengslum við samstarfsaðila og ber ábyrgð á faglegu mati á niðurstöðum þess.

Á vegum Lýðheilsustöðvar mun starfa faghópur samstarfsaðila með fulltrúum frá öllum þeim sem tengjast forvörnum í framhaldsskólum. Hópurinn veitir stýrihópi ráð um áherslur, skilgreiningu aðgerða og framkvæmd. Starfshópar verða myndaðir um afmarkaðar aðgerðir.

IV. Önnur atriði

Í upphafi hvers árs skal stýrihópur leggja fyrir samstarfsaðila skýrslu um framgang verkefnisins og áætlun um verkefni næsta árs.

Samstarfsaðilar hafa saman, eða hver um sig, rétt til að nýta niðurstöður verkefnisins í öðru eða áframhaldandi starfi að heilsuefningu og forvörnum.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir hann í þrjú ár frá dagsetningu. Hver samstarfsaðili getur sagt sig frá samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, nóvember 2007

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra

Guðlaugur Þór Þórðarson
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Þórólfur Þórlindsson
Lýðheilsustöð

f.h. Sambands íslenskra framhaldsskólanema

f.h. Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskóla